

Ed.

29. Frumvarp til laga

[26. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972 með síðari breytingum um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi, 1975.)

1. gr.

Framlag jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga samkvæmt 13. gr. skal greitt mánaðarlega.

2. gr.

g-liður 8. gr. orðist svo:

Að greiða árlega 5% af vergum tekjum sjóðsins til Lánasjóðs sveitarfélaga sbr. lög nr. 35/1966 og lög nr. 99/1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur með tilliti til greiðsluferfiðleika margra sveitarfélaga óskað eftir að greiðslur úr jöfnunarsjóði til sveitarfélaga dreifðust jafnar yfir árið en nú er, en samkvæmt gildandi lögum er framlagið greitt þrisvar á ári þ. e. fyrir 30. apríl, 30. september og 31. desember.

Rétt þykir að verða við þessum óskum. Er hér lagt til að þessar greiðslur til sveitarfélaganna verði inntar af hendi mánaðarlega.

Meginstofn jöfnunarsjóðs, sem er hluti af söluskatti og verðtolti, skal ríkissjóður samkv. lögum nr. 36 frá 1973, 1. gr., greiða mánaðarlega í jöfnunarsjóð.

Um 2. gr.

Með lögum frá síðasta þingi var Lánasjóður sveitarfélaga eflur verulega með auknum framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði. Breyting samkv. 2. gr. þessa frumvarps er gerð til samræmis við umrædda breytingu á lögum nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga.